

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2911
komudagur 22.5.2008

SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC PORK PRODUCERS ASSOCIATION DEN ISLANDSKE SVINEAVLSFORENING
TEIGI, 601 AKUREYRI ISLAND
SÍMI/TEL.: +354 463 1352, +354 861 9101, TELEFAX +354 463 1552



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Alþingi

150 Reykjavík

Teigi, 6. maí 2008

Á aðalfundi Svínaræktarfélags Íslands var eftirfarandi tillaga samþykkt og undirrituðum falið að koma henni áleiðis til hlutaðeigandi aðila.

Opinber umræða um svínarækt

Aðalfundur Svínaræktarfélags Íslands haldinn í Bændahöllinni 26. apríl 2008 harmar þá neikvæðu og illa upplýstu umræðu sem fram hefur farið á seinustu vikum um matvælavæð á Íslandi og þátt íslensks landbúnaðar í því, þar á meðal svínaræktarinnar. Látið hefur verið að því liggja, bæði af hálfu einstakra fjölmiðla, einstakra stjórnámamanna, að ógleymdum forstjóra öflugustu smásölukeðjunnar í landinu, að íslensk svínarækt sé ekki landbúnaður, eða í besta falli svo óþjóðlegur landbúnaður, að ekki sé verjandi að vernda þessa grein með háum tollmúrum, eins og sagt er. Þá hefur verið gefið í skyn að einungis séu í húfi jafn mörg störf og nemur fjölda svínabúa í landinu. Hér er um mikla vanþekkingu að ræða eða vísitandi blekkingar, nema hvort tveggja sé. Í landinu eru um þessar mundir rúmlega 4000 gyltur og gera má ráð fyrir að þær séu í frumframleiðslunni að skapa um 80-90 ársverk. Við slátrun og úrvinnslu á svínakjöti eru um 400 störf þannig að samanlagt skapar svínaræktin ein og sér mörg hundruð störf í landinu.

Hvað þjóðlegheitin varðar dregur fundurinn stórlega í efa að svínaræktin noti í reynd meiri erlend aðföng, reiknað í gjaldeyri, en hinar svonefndu hefðbundnu greinar landbúnaðarins. Í því sambandi má t.d. nefna að svínaræktin notar mun minna af eldsneyti, innfluttum áburði, vélum og tækjum o. fl.

Fundurinn minnir á að einungis er ár liðið frá því tollar á innflutt kjöt og kjötvörur voru lækkaðir um 40% og magnkvótar tollfrjáls kjötinnflutnings auknir til muna. Vart er við því að búast að kjötframleiðslan í landinu sé búin að aðlagast þessum breyttu aðstæðum.

Með það í huga lítur fundurinn svo á að loforð ríkisstjórnarinnar til verkalýðshreyfingarinnar í nýgerðum kjarasamningum um enn frekari lækkun tolla á innfluttar matvörur sé hrein aðför að íslenskum landbúnaði. Á sama tíma er fyrirhugað, skv. framlögðum stjórnarfrumvörpum á Alþingi, að opna landið fyrir innflutningi á fersku kjöti um mitt næsta ár, sem tvímælaust mun ógna góðu heilbrigði íslensks búfjár og heilnæmi matvæla. Aðalfundurinn mótmælir framangreindum áformum og krefst þess, verði þau að veruleika, að gripið verði til nauðsynlegra mótvægisáðgerða til verndar innlendri búvöruframleiðslu.

Virðingarfyllt,

F.h. Svínaræktarfélags Íslands

Ingvi Stefánsson

Ingvi Stefánsson,

formaður SFÍ